FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Stærðfræðigrunnur 2 - Algebra og rúmfræði
Námsgrein:	stærðfræði
Viðfangsefni:	algebra, rúmfræði
Skammstöfun:	STÆR1AR05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Áfanginn er ætlaður þeim sem ná ekki tilskildum árangri í stærðfræði í grunnskóla og er því hugsaður sem undirbúningur fyrir framhaldskólastærðfræði. Hann er kenndur sem hlítarnám og lögð er áhersla á einstaklingsbundið nám þar sem nemendur geta klárað námsefnið á eigin hraða. Í áfanganum er farið yfir talnareikning, algebru og rúmfræði. Enginn munur er á þessum áfanga og STÆR1TJ05 annar en sá að þeir eru kenndir á sitthvorri önninni.
Forkröfur:	Stærðfræðigrunnur 1 eða C á grunnskólaprófi
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • talnamengjum og talnareikningi • veldum og rótum • frumtölum og frumþáttun • almennum brotum • prósentum • algebrustæðum • algebrujöfnum • hnitakerfi • flatar-, um- og rúmmáli • hornafræði
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota reikniaðgerðir án reiknivélar, bæði á heilar tölur og almenn brot • reikna og einfalda veldi og rætur • frumþátta samsettar tölur • túlka hlutfall með prósentum • einfalda algebrustæður og leysa og umrita jöfnur • fást við einfalda rúmfræði í hnitakerfi myndrænt • reikna stærðir í rúmfræði útfrá formúlum og geta umritað þær • finna óþekkt horn þríhyrninga útfrá hornasummum, nota Pýþagórasarreglu, einslögun og hornaföll í þríhyrningum
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

	• skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk skilmerkilega á viðeigandi hátt • takast á við nám í stærðfræði á 2. hæfniþrepi
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.